

Opnunartími sundlauganna

Neslaug: miðvikudaga 17:00-21:00 og sunnudaga 10:00-14:00

Skeiðalaug: mánudaga-fimmtudaga 16:00-22:00 og laugardaga 10:00-14:00

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

4.árg. 2.tbl. mars 2024

Hjónaball 2024



Opnunartími á gámasvæðinu í Árnesi

miðvikudaga 14:00-17:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlaugina í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnesi opnir allan sólarhringinn

Síðustu mánuði hefur farið fram mikil vinna við undirbúning að þeim breytingum sem eru framundan í skólamálum sveitarfélagsins. Búið er að hanna og útfæra breytingar á núverandi húsnæði Þjórarskóla sem verða kláraðar fyrir næsta skólaár. Undirbúningur að framkvæmdum við íþróttahús og verknámshús heldur áfram og er stefnt að því að framkvæmdir hefjist síðla sumars. Það skiptir miklu máli að vanda til verka til í komandi framkvæmdum og því tók sveitarstjórn þá ákvörðun að fá Pál Jakob Líndal, dr. í umhverfissálfræði til að vinna með okkur að því hvernig við byggjum upp og þróum Árnes til framtíðar. Við munum halda fyrsta íbúafundinn um þróun og uppbygginu í Árnesi á næsta laugardag, 16. mars kl. 10:30-12:30, en nánar má sjá auglýsingu í blaðinu. Ég vil hvetja sem flesta til að mæta og taka þátt í hvernig við þróum Árnes til framtíðar.

Við settum á fót framkvæmdanefnd sem mun halda utan um framkvæmdirnar við skólann, verknámshúsið og íþróttahúsið. Fyrsti fundur nefndarinnar var í síðustu viku og mun nefndin funda mjög reglulega næstu mánuðina. Hægt verður að lesa fundargerðir nefndarinnar, eins og annarra nefnda, á heimasíðunni okkar og þannig fylgjast með framvindu vinnunar.

Haldinn verður annar íbúafundur mánudaginn 25. mars kl. 20:00 þar sem á dagskrá verður kynning og umræður um nafnabreytingu á nafni sveitarfélagsins ásamt því að farið verður yfir þær framkvæmdir sem eru framundan. Fjallað verður um framtíðarhorfur sveitarfélagsins



Pistill frá sveitarstjóra

og þau tækifæri sem eru framundan.

Á næstu vikum mun umhverfis- orku- og loftslagsráðherra koma til þess að undirrita stjórnunar- og verndaráætlun Þjórarsárdalsins. Í framhaldi af því mun sveitarfélagið ganga frá rekstrarsamningi við Umhverfisstofnun um rekstur og uppbyggingu í Þjórarsárdal. Að mínu mati er það mikilvægt að rekstur Þjórarsárdalsins verði á forræði sveitarfélagsins og þannig tryggjum við verndun svæðisins ásamt því að hámarka upplifun gesta. Gert er ráð fyrir að hafin verði gjaldtaka á bílastæðum sem muni til framtíðar standa undir rekstri og uppbyggingu á svæðinu.

Eftir að við fórum í endurbætur á Skeiðalaug þá hefur aðsóknin aukist jafnt og þétt. Það má sannarlega segja að innrauði klefinn er orðinn mikið aðdráttarafl og fjölgar fastagestum. Nú er svo komið að nauðsynlegt er að fjölga opnunardögum vegna mikillar aðsóknar, sem er frábært. Því til viðbótar hefur verið gerður samstarfssamningur við Flothettu sem byrjar í þessum mánuði að bjóða uppá lokaða tíma þar sem djúpslakandi íslensk vatnsmeðferð er í boði. Tímarnir eru lokaðir tímar sem greiða þarf sérstaklega

í og eru utan hefðbundins opnunartíma. Í mars mánuði verður opnunartími fimm daga vikunnar og hina tvo dagana verður Flothetta með tíma. Það er því mikið fagnaðarefni að starfssemi er komin alla daga vikunnar í Skeiðalaug.

Það hefur verið mjög lítil aðsókn í Neslaug þá daga sem hún hefur verið opin. Við breytum núna opnunartímanum í miðvikudaga og sunnudaga og þannig verður það fram á vorið, en með opnun tjaldsvæðisins má gera ráð fyrir að hægt verði að hafa laugina opna fleiri daga í viku.

Síðustu daga hefur verið unnið að því að koma lífrænu vélinni okkar í gang og ánægjulegt að við séum að komast á þann stað að allur lífrænn úrgangur í sveitarfélaginu verði framvegis breytt í jarðvegsbætur. Verið er að koma upp móttökustöðvum fyrir lífrænar tunnur og fyrirkomulagið verður kynnt á næstu dögum.

Úthlutun lóða fór fram í síðustu viku og var öllum parhúsalóðum og raðhúsalóðum úthlutað við Vallarbraut, nýju götuna í Brautarholti. Það stefnir því í mikla fjölgun íbúða og íbúa í Brautarholti á næstunni

sem er mikið ánægjuefni.

Það hefur verið áhugavert að fylgjast með umræðu um leikskólabýggingar í Hveragerði og Ölfusi síðustu vikunnar. Á báðum stöðum eru að fara af stað framkvæmdir við leikskóla þar sem byggja þarf leikskólapláss. 50 pláss í Hveragerði og allt að 84 pláss í Þorlákshöfn. Hvor framkvæmd á að kosta frá u.þ.b. 600 milljónum eða 7-12 milljónir á hvert leikskólapláss. Í síðasta mánuði var bætt við deild á leikskólanum okkar og var kostnaðurinn undir 5 milljónum eða nokkur hundruð þúsund á hvert leikskólapláss. Það er ekki langt síðan að leikskólinn Leikholti í Brautarholti var tveggja deilda leikskóli en núna eru 50 börn á leikskólanum okkar á fjórum deildum. Tekið er á móti börnum frá 12 mánaða aldri og enginn biðlisti. Við höfum nægt rými til að taka á móti fleirum börnum og ef þörf er á er auðvelt að stækka leikskólann í núverandi húsakosti. Við erum því vel tilbúin til að taka á móti fleiri barnafjölskyldum enda einvala hópur starfsfólks sem starfar í Leikholti.

Fleira er það ekki að sinni,

Haraldur Þór Jónsson

Úrval af hunda- og kattafóðri








LANDSTÓLPI

📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
☎ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is
✉ landstolpi@landstolpi.is

Í febrúar hefur verið unnið með hugmyndir að innra skipulagi Þjórarskóla. Á fundi með kennurum fyrr í vetur, komu fram nokkrar hugmyndir hvernig mætti umbreyta innra skipulagi skólans – þessar hugmyndir voru síðan teiknaðar niður á blað – settar í nokkuð raunhæft form miðað við stærðir og umfang – og fóru þær síðan aftur fyrir fund hjá kennurum. Úr varð nokkuð mótuð hugmynd um það hvernig Þjórarskóla verði breytt í samræmi við fjölgun nemenda og starf unglingastigs frá og með næsta hausti.

Núna er ekki bara sú áskorun að það sé unglingadeild að bætast við heldur hefur einnig fjölgað í yngstu árgöngunum. Að mörgu er að hyggja, skólafundur yngsta stigs og miðstigs þurfa margar hverjar ný húsgögn og fyrir unglingadeildina þarf einnig ný húsgögn. Einnig hefur verið fundað með ungmennum í verðandi unglingadeild og þeirra sýn fengin á það hvað eigi að vera í kjallaranum, hvers konar húsgögn, hvers konar leiktæki, hvar eigi að opna niður/grafa frá svo megi setja stærri glugga og auka birtumagn. Óhætt er að segja að nemendur hafa margar og sterkar skoðanir og er það ætlun okkar að koma á móts við þær flestar. Einna helst voru þau ósammála um litaval á veggjum í kjallaranum en nefndir voru litir eins og grænt og bleikt saman, einnig var grátt og svart nefnt nokkuð oft – en skýr krafa kom

frá nokkrum að það ætti að mála rýmið í hvítu, kremuðu eða í mesta lagi ljósgráu. Á næstu dögum verður klárað að fjarlægja dót úr kjallaranum sem á að fara í geymslu og mála hann – þegar komist hefur verið að niðurstöðu um litaval.

Nemendur á unglingastiginu óskuðu einnig eftir að fá sér skápa í sínar kennslustofur til að geyma sitt persónulega dót, skrifborðsstóla eða leikjatölvustóla, mikilvægt er að mega ganga á inniskóm úti og inni og helst ekki fara út í frímínútur nema þau vilji það sérstaklega – þetta eru dæmi um þau fríðindi sem unglingar hafa umfram yngri nemendur.

Fundað var með öllum nemendum Þjórarskóla varðandi hugsanlega breytingu á nafni sveitarfélagsins. Rætt var um hvort það ætti að breyta um nafn, ræddum um kosti og galla þess – einnig var rætt um fyrirkomulag á kosningum og að lokum fengum við nemendur um að varpa fram hugmyndum að nafni. Óhætt er að segja að fjörugar umræður hafi átt sér stað og ríflega tylft hugmynda voru skráð niður á blað. Verkefni sem þetta er kjörið til að halda áfram að vinna með í skólanum og er það von okkar að nemendur Þjórarskóla komist sameiginlega að niðurstöðu um tillögu að einu nafni – sem verður þá á kjörseðli í vor.

Vilborg Ástráðsdóttir



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót í rafrænu formi ásamt því að prentaða útgáfu er hægt að nálgast í Neslaug, Skeiðalaug, Þjórarskóla, Leikholti, skrifstofu sveitarfélagsins, félagsheimilinu í Árnesi og í versluninni Árborg í Árnesi. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson

Tónlistarskóli Árnesinga



Helga Höeg Sigurðardóttir

Framhaldsprófstónleikar
í píanóleik

22. mars 2024, kl. 17:15

í sal tónlistarskólans Eyra­vegi 9, Selfossi (3. hæð)

Meðleikari: Eyrún Huld Ingvarsdóttir, fiðla

Flutt verða verk eftir Bach, Beethoven, Bartók, Rachmaninoff, Dvorák og Brahms

Aðgangur er ókeypis - verið öll hjartanlega velkomin!

Starfið í Félagsmiðstöðinni Zero

Starfið í Félagsmiðstöðinni Zero fer mjög vel af stað á nýju ári. Í janúar hittust forstöðumenn allra félagsmiðstöðva á Suðurlandi og áttum við gott samtal um þær áskoranir og tækifæri sem bíða okkar í frístundamálum á næstu misserum. Frístundastarf barna og unglunga er mjög mismunandi á milli sveitarfélaga, enda stærð og samsetning starfsins með ólíku móti.

Í uppsveitum hefur verið farin sú leið að reka unglingastarfið sameiginlega milli sveitarfélaga. Hrunamannahreppur og Skeiða- og gnúpverjahreppur reka sameiginlega Félagsmiðstöðina Zero. Við í Zero höfum starfað náið með Félagsmiðstöðinni Zetor (GOGG og Bláskógabyggð) sl. ár, það samstarf fer vaxandi með hverju ári. Þetta fyrirkomulag hefur reynst okkur afar vel og erum við að þjónusta um 50 unglunga í hvorri félagsmiðstöð á ári hverju. Í krafti fjöldans höfum við geta boðið upp á fjölbreytta afþreyingu með það að markmiði að ná til sem flestra.

Í febrúar tókum við í Zero á móti unglingum frá Zetor eftir Smiðjur. Smiðjurnar eru samstarfsverkefni grunnskólanna í uppsveitum. Þá komu til okkar um 100 unglingar og gekk opnunin vonum framar. En eftir langan skóladag er fátt betra en að geta hitt jafningja sína á hlutlausum stað í frjálsu starfi þar sem unglingum gefst

tækifæri á að efla og styrkja félagsleg tengsl í öruggu umhverfi.

Í kjölfarið á smiðjum héldu félagsmiðstöðvarnar tvær sameiginlega söngkeppni þar sem atriði voru valin sem keppa munu fyrir félagsmiðstöðvarnar á Suðurlandskeppninni (USSS) sem fram fer þann 15. mars í Þorlákshöfn. Þeirri keppni lýkur svo með balli. Þau atriði sem komast áfram úr Suðurlandskeppninni munu svo taka þátt í Söngkeppni Samfés sem fram fer í Laugardalshöll í maí.

Í lok febrúar var svo farið í skíðaferð í Bláfjöll þar sem við gistum í Skíðaskálanum Hengli sem rekinn er af skíðadeildum ÍR og Víkings. Sú ferð hefur verið fastur liður í starfinu árlega, en ferðin er samvinnuverkefni Flúðaskóla og okkar í Zero.

Það eru svo sannarlega viðburðaríkir dagar um þessar mundir og er enginn ástæða til annars en að hlakka til komandi missera í frístundastarfi uppsveita. Unglingahópurinn er frábær og fullur af metnaðarfullum ungmennum sem standa sig mjög vel á svo mörgum sviðum. Hugum vel að frístundastarfi barna og unglunga okkur öllum til heilla!

Þórarinn Guðni Helgason

Forstöðumaður
Félagsmiðstöðvarinnar Zero

ÍBÚAFUNDUR

um uppbygginguna sem er framundan í Árnesei
verður haldinn í Árnesei laugardaginn 16. mars kl. 10:30-12:30

Á fundinum verða kynntar mismunandi hugmyndir að uppbyggingunni sem framundan er og verður opið samtal til þess að koma á framfæri hugmyndum og sjónarmiðum í vinnunni sem er í gangi.

Páll Jakob Línal, dr. í umhverfissálfræði fer yfir vinnuna og þá hugmyndafræði sem unnið er eftir. Uppbygging umhverfis fyrir fólk þarf að mæta þörfum þess. Með vísindalega þekkingu á samspili fólks og umhverfis, og uppbyggilegt samráð við hagsmunaaðila að vopni, tökum við upplýstari ákvarðanir og sköpum betra umhverfi.

Með öflugri þrívíddartækni má birta hvaða umhverfi sem er, og með rannsóknarhugbúnaði okkar getum við safnað gögnum um áhrif umhverfisins á upplifun og atferli í gegnum allan feril hönnunar og skipulags.

Boðið verður uppá léttan hádegisverð.

ÍBÚAFUNDUR

um kosningu á því hvort breyta eigi nafni Skeiða- og
Gnúhverjahrepps ásamt því að fara yfir þær framkvæmdir sem
eru framundan og framtíðarhorfur sveitarfélagsins.

Fundurinn verður haldinn í
Árnesei mánudaginn 25. mars kl. 20:00

Hvetjum sem flesta til að mæta

Rangfærslur?

*Opið bréf til Arnars Bjarna Eiríkssonar
í Gunnbjarnarholti*

Blessaður Addi minn. Ég vil byrja á að þakka þér fyrir greinina í síðasta Gauk, þar sem þú loks opinberar sjálfur fyrir okkur sveitungunum hvað þú hefur verið að bauka hér uppfrá síðasta hálfa áratug. Það er rétt sem þú segir að Skáldabúðabærinn sést ekki víða að. Þar er þó huggulegt bæjarstæði og notalegt heim að líta, þó bæjarhúsin mættu að ósekju njóta meiri umhyggju. En eitthvað er smíðsaugað að bregðast þér ef þú heldur að þær hugmyndir sem þú vísar til hafi ekki meiri áhrif á ásynd lands og umhverfis en hlöðumænirinn í Skáldabúðum. Skáldabúðabærinn er líklega í nálægt 220 – 230 m hæð yfir sjó og sé að marka þínar eigin upplýsingar munu spaðar vindmyllanna ná allt að 190 m í efstu stöðu. Þessi mannvirki munu því tegja sig allt að 420 m yfir sjávarmál. Það verður nú ekki mikið úr bæjarhólunum hér í grend undir þeim mannvirkjum. Meira að segja Hlíðarkista má sín lítills í þeim samjöfnuði, þó að hún muni líkast til hlífa Gunnbjarnarholti og einhverjum bæjum þar í grend. Aftur á móti munu þessi stórkallalegu mannvirki þín blasa við víða um Suðurland og þar á meðal af hlaðinu hér í Steinsholti. Eins verða þessi

mannvirki nánast ofan í jarðarmörkum Steinsholts og Minni-Mástungna, en báðar þessar jarðir ásamt öðrum hér í grend verða undirlagðar af áhrifum þeirra. Að auki verður bærinn í Laxárdal innan hljóðvistarvæðis og afleggjarinn þangað varðaður vindmyllum. Staðreyndin er sú Addi minn að þú ert með þessu brólti þínu búin að taka þessar jarðir allar og öll þeirra framtíðaráform í gíslungu.

Þú segist hafa kynnt “þetta verkefni” fyrst fyrir sveitarstjórn árið 2019. Í glærukynningu frá þeim fundi kemur fram “Áhersla á að íbúar sveitarfélags og aðrir hagsmunaaðilar taki þátt frá upphafi” og að verkkaupi leggi áherslu á gagnsæi, heiðarleg vinnubrögð og gott upplýsingaflæði. Ég hef alltaf vitað að þú ert hugmyndaríkur maður, en að það teljist nægjanleg uppfylling krafna um upplýsingagjöf og gagnsæi að framkvæmdaaðili hafi skráð símanúmer er fyrir mér ný og stórbrotin nálgun. Það er síðan fyrst nú nýlega sem einhver tilraun er gerð til að kynna verkefnið þegar þessir nýju vinir þínir hjá WPD eru komnir til skjalanna. Þú gumar í greininni þinni af fundunum ykkar sem þið hélduð skömmu fyrir jól, hver er til frásagnar af þeim? Varst þú þar? Ég mætti þarna í ca klukkutíma og veit hvað kom fram á þeim tíma. WPD sem þú segir vera “vandað fyrirtæki sem kappkostaði að koma fram af nærgætni og virðingu við nær samfélagið” mun ekki láta sig neinu skipta afstöðu eða hagsmuni okkar sem næst búum Skáldabúðum, hvað

þá annara sveitunga. Fáist heimild til byggingar Hrútmúlavirkjunar verður hún reist. Já þú ert sannarlega orðin vinavandur í seinni tíð Addi minn.

Það að Hrútmúlavirkjun hafi verið valin til frekari skoðunar hjá Rammaáætlun segir minnst um ágæti verkefnisins. Enda virðast einu fylgigögnin sem Framkvæmdastjórn Rammaáætlunar bærust með málinu frá Orkustofnun, vera mjög svo takmörkuð skýrsla sem Verkfræðistofan Efla vann eftir þínu fororði. Það hefur verið viðurkennt að regluverkið sem um þessi mál gildir sé mjög götött og hefur það leitt af sér nánast fullkomið stjórnleysi í málaflokknum til þessa. Það er reyndar ágætt að þú nefnir þetta með að tryggja sveitarfélögum tekjur af vindorkuverum. Í skýrslu starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu er lagt mat á áhrif tillagna Orkusveitarfélaganna á tekjur sveitarfélaga af einstökum virkjanakostum, en þær taka m.a. verulega mið af ásýnd mannvirkjanna. Athygli vekur að þrátt fyrir dramatísk áhrif Hrútmúlavirkjunar á sitt næsta nágrenni yrði hlutfall tekna Skeiða og -Gnúpverjahrepps af virkjuninni einungis um 25% á meðan Rangárþing Ytra fengi tæplega 31%, Bláskógabyggð 20% og Hrunamannahreppur um 14%. Já talandi um ásýnd Addi minn!

Það er gríðarleg ábyrgð sem hvílir á þeim aðilum sem móta eiga næstu skref varðandi nýtingu vindorku á Íslandi og þá ekki síst þeim sveitarstjórnnum sem í hlut eiga. Verði Hrútmúlavirkjun að veruleika

hefur verið skapað fordæmi fyrir því hér í sveit, að hver sem burði hefur til geti keypt upp bújarðir, lagt þær í eyði og reyst á þeim vindorkuver. Ég hefði látið segja mér það tvisvar, þegar við á okkar sokkabandsárur í búskap lögðumst á eitt við að blása hug í brjóst kúabænda hér í sveit að efla og stækka bú sín, að það yrði síðar þitt keppikefli að leiða inn það fordæmi að leggja þau niður. En lengi skal manninn reyna.

Að lokum þetta Addi minn, af einhverjum ástæðum nefnir þú ágangsfé í tengslum við þessi áform þín. Ekki kannast ég við að hafa nokkurn tíma beitt þig ágangi hvorki með fénaði eða öðrum hætti, þvert á móti. Sá ágangur sem þú sýnir okkur hér í þessu máli er mér hinsvegar verulegt umhugsunarefni. Ummæli þín um að aðrir forðist umræðuna koma líka úr hörðustu átt, en það er einfaldlega ekki þannig í siðuðum samfélögum að menn velji einir þann umræðugrundvöll sem þeim hentar. Til hvers þú ert að vísa með ummælum um rangfærslur og dylgjur átta ég mig ekki á, en eitthvað hefur þó orðið til þess að þú settist loks sjálfur við takkaborðið. Það er eðlileg krafa að fólk gæti orða sinna, en við skulum vera minnugir þess að menn valda oft meiri skaða með gjörðum sínum. Svo vona ég Addi minn að dagar þínir verði góðir, þar sem gjörvileiki leiði hvert gæfuspor.

Sigurður Loftsson Steinsholti

Gamla dularfulla húsið

11. þáttur: desember - lokabáttur

Einn daginn, á meðan ég svaf, byrjaði húsið að hristast. Ég vaknaði, hoppaði fram úr rúminu og hljóp fram á gang. Jónas, Stef og Bjarki voru líka kominn fram á ganginn. Hvað var að gerast? „Er þetta jarðskjálfti?” gargaði ég í gegnum lætin. „Nei, þetta er eitthvað allt annað!” kallaði Jónas til baka. Húsið hristist og skalf meira og meira, og að lokum fannst mér eins og það væri að lyftast upp. Við svifum upp með húsinu, hærra og hærra og mér varð óglatt. Fannst eins og ég þyrfti að æla. Þegar ég leit út um gluggann sá ég að við vorum komin upp í næstum 50 metra hæð og vorum enn að fara hærra. „Gott kvöld krakkar,” sagði einhver slepjuleg og ógnandi rödd. Þegar ég

sneri mér við sá ég uppvakning. Hann stóð þarna rétt hjá. Þessi uppvakningur var reyndar ólíkur öðrum að einu leyti. Hann var með glóandi blá augu. „Hve... hver ertu?” stamaði ég. „Ég? Ég er...” „Þú er Karlsson,” greip Jónas fram í. „Einmitt,” sagði Karlsson. „Og nú munuð þið deyja og færa mér Himachu demantinn.”

Karlsson rétti fram hægri höndina og blár geisli skaust úr lófa hans. Geislinn greip mig, Stef og Bjarka, en Jónas rétt náði að forða sér undan honum og hljóp inn í herbergið sitt. Hann skellti hurðinni harkalega á eftir sér. „Ó, hann skildi ykkur eftir til að deyja” sagði Karlsson kaldhæðnislega. „Hafið engar áhyggjur, þið hittið hann aftur eftir smá stund.” Ég náði varla andanum og var



alveg að missa meðvitund. „Ég er með það sem þú vilt!” hrópaði Jónas. Ég leit við og sá að hann hélt á demantinum. „Já loksins. Ef þú lætur mig hafa demantinn skal ég leyfa þeim að lifa” sagði Karlsson. Jónas gekk hægt með demantinn í áttina að Karlssyni. Hann lyfti hendinni í átt að Karlssyni, eins og til þess að rétta að honum demantinn, en rétt áður en Karlsson náði að taka við honum sveiflaði Jónas hendinni og dúndraði demantinum í hausinn á Karlssyni. Við það missti hann jafnvægið og geislinn missti takið á okkur og við féllum á gólfið.

Jónas lyfti demantinum hátt yfir höfuð sér og þrugaði honum í gólfið. Demanturinn splundraðist og sprakk í hundrað mola. „NEI!” gargaði

Karlsson. Líkami hans fór að glóa og eiginlega að þenjast út. „Ég mun myrða ykkur! Farið til fókking helvítis!” Og í þeim orðum, sprakk líkami Karlssonar.

Eftirmáli

Loksins var allt búið. Karlsson er farinn og allt er orðið eðlilegt aftur. Mamma er kominn til baka. Lífið gengur sinn vanagang eins og áður. Eitt er þó skrítið og dularfullt. Í hvert skipti sem ég fer út úr húsinu heima, þá verður mér alltaf pínulítið illt. Og þessi verkur fer versnandi. Enginn veit hvað er í gangi....

Höfundur

Bergur Tjörvi Bjarnason,

Hraunbrún

**Óskum eftir vönum vélamanni!
Fjölbreytt verkefni framundan**



Jarðvinna
Gröfuvinna
Heyskapur
Lyftaravinna
Snjómokstur
o.fl.

stra@straehf.is

Neslaug

Opnunartími

Miðvikudaga: 17:00-21:00

Sunnudaga: 10:00-14:00



Framundan í Hrunaprestakalli

10. mars: Kvöldmessa í Hrunakirkju kl. 20.

Ást og samskipti verður þema messunnar í tali og tónum. Kirkjukórinn syngur hugljúf lög og sálma sem tengjast efninu undir stjórn Eyrúnar organista. Sérstakir gestir: Bergþór Pálsson og Albert Eiríksson.

Dymbilvika og páskar:

24. mars - pálmasonnudagur: *Farming í Stóra-Núpskirkju kl. 11.*

29. mars – föstudagurinn langi: *Passíusálmalestur í Hrepphólakirkju frá kl. 13.*

31. mars – páskadagur: *Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 8 og hátíðarmessa í Ólafsvallakirkju kl. 11.*

Aðalfundur Landbótafélags Gnúpverja - og umræður Afréttarmálanefndar

Aðalfundur Landbótafélags Gnúpverja verður haldinn í flísal Félagsheimilisins í Árnesi **þriðjudaginn 4. apríl kl. 20.30**

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Í kjölfar fundar óskar Afréttarmálanefnd Gnúpverja eftir samtali við sauðfjárbændur um fyrirkomulag fjallferða, rétta og fjárrekstrar. Vonumst eftir að sjá sem flesta sauðfjárbændur á svæðinu.

Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997



**Tökum að okkur stór verk...
...sem smá - Vönduð vinnubrögð!**



Jarðvinna
Gröfuvinna
Heyskapur
Lyftaravinna
Snjómokstur
o.fl.

stra@straehf.is



**KARLAKÓR
HREPPAMANNA**
stofnaður 1. apríl 1997

Hagyrðingakvöld

Staður: Félagsheimili Hrunamanna
Dagsetning: laugardagskvöldið 16. mars
Húsið opnar 19:30 og samkoman hefst kl. 20
og að sjálfsögðu verður barinn opin.
Miðaverð 4.000 kr. og miðasala fer fram við hurð.

Hagyrðingar sem boðað hafa komu sína eru:
Jóhannes Sigfússon frá Gunnarsstöðum, bístilfirði
Pétur Pétursson læknir, Akureyri
Magnús Haldórsson vélsmiður og sundlaugarvörður,
Hvolsvelli
Gylfi Þorkelsson framhaldsskólakennari, Laugarvatni

Stjórnandi kvöldsins verður Árni Geirhjörtur, Akureyri

Karlakór Hreppamanna mun einnig taka nokkur lög.
Ekki láta þessa skemmtun framhjá þér fara



"He's here to hit the high notes."

Skeiðalaug

Opnunartími frá og með 11.mars 2024

Mánudaga: 16:00-22:00

Þriðjudaga: 16:00-22:00

Miðvikudaga: 16:00-22:00

Fimmtudaga: 16:00-22:00

Laugardaga: 10:00-14:00

Fundargerðir sveitarstjórnar

Hægt er að nálgast allar fundargerðir sveitarstjórnar ásamt fylgiskjöllum á heimasíðu sveitarfélagsins, **www.skeidgnup.is**



FLOT
HETTA

Flot og Sána í Skeiðalaug

Flothetta býður upp á einstaka blöndu af hreinsandi og nærandi Floti og Sána upplifun í Skeiðalaug. SAUNAGÚS upplifunin er funheit blanda af þremur lotum af gleðirikri samveru í hita, ilm, tónlist og kælingu á milli. FLOTMEÐFERÐ er djúpslakandi íslensk vatnsmeðferð sem ferjar fólk inn í aðra vidd í vatninu um leið og þátttakendur þiggja meðhöndlun og nudd. Vala Baldurs Gusumeistari leiðir okkur í gegnum hreinsandi sauna upplifun sem endar svo í djúpri og falletgri flotmeðferð í vatninu undir handleiðslu flotþerapista Flothettu.

Eftirtaldir Flot og Sánaviðburðir verða í boði í mars:

Laugardagur 16. mars - 15.00 og 17.30

Sunnudagur 17. mars - 15.00 og 17.30

Laugardagur 23. mars - 15.00 og 17.30

Sunnudagur 24. mars - 15.00 og 17.00

Föstudagurinn langi 29. mars - 15.00 og 17.30

Laugardagur 30. mars - 15.00 og 17.30

Takmarkað pláss og nauðsynlegt að skrá sig fyrirfram!

Flotgræjur á staðnum.

Verð: 12.900 kr.

Fyrir skráningu og nánari upplýsingar sendið póst á netfangið flothetta@flothetta.com